

## 058/00 - M.b. Þorsteinn SH-145

Þorsteinn SH-145, eldur um borð á siglingu á miðin

### M.b. Þorsteinn SH-145

**Skipaskr.nr.:** 0219

**Smíðaður:** í Noregi 1960 stáli

**Stærð:** 131,53 brl; 186,00 bt

**Lengd:** 28,95 m **Breidd:** 6,40 m **Dýpt:** 5,60 m

**Vél:** Caterpillar 526,00 kW **Árgerð:** 1990

**Annað:**

**Földi skipverja:** 6



Þorsteinn ©Alfons Finnson

### Atvikalýsing

Hinn 10. maí 2000 fór m.b. Þorsteinn SH-145 úr höfn áleiðis til veiða með dragnót.

Þegar siglt hafði verið í um 50 mínútur urðu skipverjar varir við gangbreytingu á aðalvél. Litlu síðar fundu þeir brunalykt og eldviðvörðunarkerfi fór í gang. Þegar upp gaus svartur reykjarmökkur voru skipverjar, sem voru í klefum sínum, varaðir við og sagt að forða sér út. Skipverjarnir komust út um neyðarlúku. Fljótlega kom í ljós að eldurinn var í vélarrúminu.

Skipverjar lokuðu öllum loftrásum að vélarrúmi og lokuðu fyrir olíu að vélum. Skömmu síðar stöðvaðist aðalvél skipsins. Skipstjórinn hafði samband við nærstaddan bát, m.b. Friðrik Bergmann SH-240, sem kom fljótlega á vettvang og var dráttartaug komið á milli skipanna og tekið til við að draga m.b. Þorstein SH-145 til hafnar.

Stuttu eftir að skipið var tekið í tog tóku skipverjar eftir því að eldur virtist hjaðnandi eða kulnaður en ekki var farið í að opna niður. Þegar komið var með skipið að bryggju var slökkvilið komið á vettvang og voru menn búnir til reykköfunar sendir niður í vélarrúmið. Kom þá í ljós að eldur var kulnaður.

### Við rannsókn kom fram

- að eftir að eldur kulnaði og hugað var að eldsupptökum kom í ljós að bolti í fæðulögn olíu að spíssadælum stjórnborðsmegin hafði losnað og lá við vélina. Við það hafði olían ýrst yfir heita vélina og orsakað eldfimt gas sem kviknaði í;
- að skipverjum tókst ekki að gera virkan halon-slökkvibúnað skipsins en við skoðun á búnaðinum eftir brunann kom í ljós að halon-kútur var tómur og einhverjar skemmdir á lögn fyrir slökkvimiðil vegna hita;
- að talið er að hitinn sem varð í vélarrúminu hafi orsakað að öryggisventill á halon-kerfinu hafi opnast og slökkvimiðillinn dreifst um vélarrúmið en halon-kúturinn var uppi á vélarrist;
- að olíuverk vélarinnar var tekið allt upp til hreinsunar nokkrum mánuðum fyrir brunann.

### Nefndarálit

Nefndin telur að líkur bendi til að bolti sem losnaði í olíuverki vélarinnar hafi ekki verið fyllilega hertur þegar olíuverkið var yfirfarið og hreinsað skömmu fyrir umræddan atburð.